

Yfirlit um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun

Fylgiskjal með
Landsskipulagsstefnu 2013-2024

Yfirlit um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun – Fylgiskjal með Landsskipulagsstefnu 2013-2024

Útgefandi: Skipulagsstofnun, september 2012
Texti: Skipulagsstofnun og ráðgjafarfyrtækið Alta
ISBN: 978-9935-9109-3-6

Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík www.landsskipulag.is

Formáli

Í samræmi við reglugerð um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011 hefur Skipulagsstofnun tekið saman yfirlit yfir stefnumörkun og helstu áætlanir sem fyrir liggja í einstökum málaflokkum á landsvísu og varða landnotkun og skipulagsgerð sveitarfélaga. Yfirlitið er lagt til grundvallar við mótun landsskipulagsstefnu og markmiðið er að það verði til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð.

Samantektin inniheldur greiningu á stefnu og áætlunum stjórnvalda og er aðferðum lýst í inngangskafli (1.0 Inngangur). Til hliðsjónar eru meðfylgjandi í Viðauka 1 markmið úr hinum ýmsu áætlunum sem unnið var með í greiningunni.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	7
2	Viðfangsefni aðalskipulags	11
2.1	Sjálfbær þróun	11
2.2	Landsskipulagsstefna	11
2.3	Þéttbýli	11
2.4	Íbúar og íbúðir	12
2.5	Verslun og önnur þjónusta	13
2.6	Athafna- og iðnaðarstarfsemi	13
2.7	Blöndun byggðar	13
2.8	Landbúnaður	13
2.9	Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis	14
2.10	Grunnkerfi	14
2.11	Opin svæði, útivist og íþróttir	16
2.12	Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs	17
2.13	Stakar framkvæmdir	17
2.14	Vernd náttúru og menningarminja	17
2.15	Varúðarsvæði og náttúruvá	20
2.16	Verndar- og orkunýtingaráætlun	20
3	Samandregnar niðurstöður og ályktanir	21
3.1	Greining á stefnum og áætlunum	21

3.2 Samþætting við aðalskipulagsgerð sveitarfélaganna	22
4 Viðauki	25
5 Tilvitnanir	42

1 Inngangur

Hér er sett fram yfirlit yfir stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun í samræmi við 8. grein reglugerðar um landsskipulagsstefnu en þar segir:

„Í landsskipulagsstefnu skal taka saman og setja fram yfirlit um stefnumörkun og helstu áætlanir sem fyrir liggja í einstökum málaflokkum á landsvísu og varða landnotkun og skipulagsgerð sveitarfélaga. Þetta yfirlit skal vera sveitarfélögum til leiðbeiningar við skipulagsgerð. Einnig skal það lagt til grundvallar við mótun stefnu um skipulagsmál. Yfirlitið getur varðað stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun, loftslagsmál, byggðamál, ferðaþjónustu, landbúnað, náttúruvernd, orkumál og samgöngur. Skipulagsstofnun skal hafa aðgang að áætlunum annarra opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun.“

Stefna stjórnvalda og áætlanir birtast með ýmsum hætti. Í sumum tilfellum er um að ræða áætlanir sem unnar eru á vegum einstakra ráðuneyta, án þess að vera afgreiddar af ríkisstjórn eða Alþingi. Aðrar eru unnar samkvæmt sérstökum lögum og þá gjarnan afgreiddar sem þingsályktanir. Í stöku tilfellum kemur stefna fram á vegum fagstofnunar eða opinbers hlutafélags sem hefur með þann málaflokk að gera. Eins og reglugerðarákvæðið hér fyrir ofan tiltekur, takmarkast yfirlitið við landnotkun og skipulagsgerð og því er ætlað að vera sveitarfélögum til leiðbeiningar.

Í samræmi við tilgang yfirlitsins, eins og honum er lýst í 8. gr. reglugerðarinnar, er áhersla lögð á það að greina stefnu sem fram kemur en ekki að tíunda stakar framkvæmdir eða ráðstafanir sem áætlaðar eru. Ástæða er til að staldra við orðskýringar í þessu samhengi. Stefna er hér skilgreind sem lýsing stjórnvalda á því hvernig þau hafa leyst úr raunverulegum vafa um það hver ásetningur þeirra skuli vera um meginatriði, innan þess ramma sem lög leyfa. Áætlanir eru á hinn bóginn settar fram um það hvernig gera skuli stefnuna að veruleika og fela þá oft í sér upptalningu á framkvæmdum eða ráðstöfunum. Yfirlitið er unnið með þessar skilgreiningar í huga burtséð frá því hvaða hugtök eru notuð í gögnum sjálfum, enda er þar ekki um fullt samræmi að ræða.

Ætla má að landsskipulagsstefna nái fyrst og fremst fram að ganga gegnum aðalskipulag sveitarfélaga. Í drögum að skipulagsreglugerð eru tiltekin 16 viðfangsefni aðalskipulags og kallað eftir stefnu sveitarstjórnar um þau efni. Í þessu yfirliti er því farin sú leið að greina stefnu og áætlanir stjórnvalda eftir viðfangsefnum aðalskipulags, með það í huga að þannig verði tengingin milli skipulagsstiga augljósust og leiðsögnin best. Stefna og áætlanir sem þannig eru greindar eru taldar upp í töflu 1.

Tafla 1. Yfirlit yfir stefnur og áætlanir á landsvísu.

	Ábyrgð	Samþykkt af Alþingi	Samþykktarár	Tímarammi stefnu/áætlunar
Stefnur og áætlanir				
Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013	UAR		2010	2010-2013
Náttúruverndaráætlun 2009-2013	UAR	X	2010	2009-2013
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum	UAR		2010	2010-2020
Líffræðileg fjölbreytni				
Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni	UAR		2008	Ótímabundið
Stefnumörkun í loftslagsmálum	UAR		2007	2007-2050
Landsáætlun um úrgang 2004-2016, ásamt drögum að endurskoðaðri áætlun fyrir tímabilið 2012-2024	UAR		2004	2004-2016
Landgræðsluáætlun 2003 - 2014	UAR	X	2002	2003-2014
Iceland's National Programme of Action for the Protection of the Marine Environment from Land-based Activities	UAR		2001	2001-2006
Náttúruminjaskrá	UAR		1999	Ótímabundið
Kerfisáætlun Landsnets 2012 – 2016.				
			2012	2012-2016
Orkustefna fyrir Ísland, skýrsla starfshóps 2011	ANR		2011	Ótímabundið
Byggðaáætlun 2010-2013	ANR	X	2010	2010-2013
Ferðamálaáætlun 2011-2020	ANR	X	2011	2011-2020
Samgönguáætlun 2011-2022				
	IRR	X	2012	2011-2022
Fjarskiptaáætlun 2011-2022				
	IRR	(X)	V	2011-2022

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014	VEL	X	2012	2012-2020
Húsnæðisstefna, skýrsla samráðshóps um húsnæðisstefnu	VEL		2011	Ótímabundið
Stefnumótun mennta- og menningar- málaráðuneytis í íþróttamálum	MRN		2011	2010-2015
Menningarstefna í mannvirkjagerð	MRN		2007	Ótímabundið
Yfirlitsskrá yfir fyrirhugaðar tilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO	MRN		2007	Ótímabundið
Ísland 2020-sókn fyrir atvinnulíf og samfélag	FOR		2011	2011-2020
Netríkið Ísland, stefna um upplýsingarsamfélagið 2008-2012	FOR		2008	2008-2012
Hafið – stefnumótun íslenskra stjórnvalda	UMH, SLR og UTN		2003	Ótímabundið
Tillaga að verndar- og orkunýtingaráætlun eins og hún var lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi	UAR, ANR	(X)	V	Ótímabundið

Skýringar

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	UAR
Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið	ANR
Innanríkisráðuneytið	IRR
Velferðarráðuneytið	VEL
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	SLR
Forsætisráðuneytið	FOR
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	MRN
Utanríkisráðuneytið	UTN
Í vinnslu	V
Til umfjöllunar á Alþingi	(X)

Yfirlitið tiltekur ekki ákvæði laga og reglugerða um málaflokkana sem ofangreind skjöl fjalla um, enda er hér miðað við að það eitt teljist stefna sem lýsir ásetningi stjórnvalda og þau hafa sjálfðæmi um, innan þess lagaramma sem þeim er gert að starfa eftir. Ennfremur takmarkast yfirlitið við þau atriði sem ætla má að varði landnotkun og skipulagsgerð sveitarfélaga.

Gögnin sem yfirlitið byggir á hafa ólíkan gildistíma og búast má við að hluti þeirra verði endurnýjaður á gildistíma landsskipulagsstefnunnar. Einnig má búast við að ný gögn bætist við eftir að landsskipulagsstefnan hefur verið samþykkt sem þingsályktun. Af þessum sökum verður að líta svo á að yfirlitið sem hér kemur fram endurspegli gildandi stefnu og áætlanir þegar landsskipulagsstefnan er samþykkt og gæta þurfi að síðari breytingum.

2 Viðfangsefni aðalskipulags

Hér fyrir neðan eru 16 undirkaflar í samræmi við viðfangsefni aðalskipulags eins og þau eru tilgreind í drögum að skipulagsreglugerð. Fyrir hvert viðfangsefni eru dregin saman helstu atriði með vísun í heiti stefnu eða áætlunar. Eðlilega koma viðfangsefnin misjafnlega mikið við sögu í stefnu og áætlunum á landsvísu og því mis efnismikil samantekt fyrir hvert þeirra.

2.1 Sjálfbær þróun

Sjálfbær þróun er víðfeðmt hugtak og innan þess rúmast mörg þeirra viðfangsefna sem á eftir fara. Í umfjöllun um önnur viðfangsefni hér fyrir neðar koma þessi sjónarmið nánar fram og er þá vísað í þær heimildir sem við á.

Meginatriði stefnu um sjálfbæra þróun, sem koma fram í mörgum gögnum um stefnu og áætlanir á landsvísu, eru einkum þessi:

- Minni losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með fjölbreyttari ferðamáta í samgöngum, aukinni notkun endurnýjanlegra orkugjafa og bindingu kolefnis.
- Virðing fyrir náttúrunni með því að lágmarka áhrif af framkvæmdum, þ.m.t. sjónræn áhrif.
- Verndun vistkerfa, þ.m.t. sjálfbær nýting nytjastofna.
- Myndun landshlutakjarna og klasa sem endurspeglar sérstöðu á hverju svæði.

2.2 Landsskipulagsstefna

Eitt af viðfangsefnum aðalskipulags er að gera grein fyrir því hvernig aðalskipulagið samrýmist landsskipulagsstefnu. Tilgangurinn með þessu yfirliti er að auðvelda sveitarfélögum að átta sig á því hvaða efnisatriði það eru sem gæta þarf samræmis við.

2.3 Þéttbýli

Áherslur stefnu í samgöngumálum skipta máli fyrir mótun byggðar, t.d. varðandi það að vegfarendum skuli tryggt öruggt og heilnæmt umhverfi óháð ferðamáta, um fjölbreytilega ferðamáta, almenningsamgöngur og aðgengi fatlaðra. Þessar áherslur endurspeglar ásetning um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og brennslu jarðefnaeldsneytis eins og fram kemur t.d. í *Orkustefnu fyrir Ísland¹, Velferð til framtíðar², Samgönguáætlun³ og Aðgerðaáætlun í*

*loftslagsmálum*⁴. Í *Velferð til framtíðar* er stefnt að því að vitund almennings og hagsmunaaðila um vistvænt skipulag og mannvirki verði aukin.

Í *Samgönguáætlun* er gert ráð fyrir því að stutt verði við aðgerðir sem stuðla að breyttum ferðavenjum til að draga úr þörf á uppbyggingu umferðarmannvirkja í þéttbýli.

Í *Menningarstefnu í mannvirkjagerð*⁵ er vakin athygli á mörgum mikilvægum atriðum sem gefa þarf gaum við mótun byggðar og þéttbýlis, t.d. um gæði, heildarmynd og varðveislu byggingararfs.

Í *stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum*⁶ er gert ráð fyrir að í skipulagsvinnu sveitarfélaga á svæðum og umferðarleiðum verði gert ráð fyrir reiðhjóra- og göngustígum og grænum svæðum til útivistar og leikja fyrir börn og fullorðna.

Í *framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks*⁷ er kveðið á um að að gott aðgengi sé eitt af lykilhugtökum þegar rætt er um jafnrétti og jafna stöðu allra í samfélaginu. Húsnæði sem almenningur á aðgang að skuli vera aðgengilegt öllum og sama gildi um opin svæði fyrir almenning, svo sem skipulögð útivistarsvæði, almenningsgarða og mannvirki á svæðum sem ætluð eru til útivistar.

2.4 Íbúar og íbúðir

Í *Húsnæðisstefnu*⁸ er vakin athygli á mikilvægi þess að einstaklingar og fjölskyldur geti valið sér íbúðaform í nærumhverfi sínu sem best hentar þörfum þeirra hverju sinni. Hverfi og bæir þurfi að bjóða upp á sem mesta fjölbreytni í íbúðagerð. Þar er stefnt að því að tryggja fjölbreytileika í framboði á húsnæði eftir ólíkum búsetuformum, stærð og gerð húsnæðis og góðu aðgengi. Ennfremur verði lögð áhersla á byggingu hagkvæms íbúðarhúsnæðis á svæðum þar sem varanleg eftirspurn eftir húsnæði er til staðar.

Samgönguáætlun kveður á um að aukin áhersla verði lögð á almenningsamgöngur, göngu og hjólréiðar með þau markmið að leiðarljósi að draga úr umhverfisáhrifum, samgöngukostnaði og auka nærþjónustu við borgarana.

Í *stefnu um upplýsingasamfélagið, Netríkið Ísland*⁹, er gert ráð fyrir því að netborgarinn geti afgreitt sig sjálfur hvenær sem er, hvar sem er og án tafar. Það gildi um hvers kyns þjónustu þar sem því verður við komið í samskiptum við opinbera aðila. Hægt verði að fylla í eyðublöð á netinu, senda inn, fylgjast með afgreiðslu og fá úrlausn mála.

2.5 Verslun og önnur þjónusta

Verslun og þjónusta er af margvíslegu tagi, bæði á vegum einkaaðila og opinberra aðila. Þrátt fyrir mikilvægi verslunar og þjónustu fyrir þróun byggðar liggur ekki fyrir stefna eða áætlanir um þann málaflokk almennt. Þó er í *Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum* vikið að íþróttamannvirkjum og skólalóðum, einkum varðandi kröfur sem gera þarf til þeirra í alþjóðlegri keppni og til að svara þörfum. Hvað staðsetningu þeirra varðar er stefnt að því að aðgangur barna og ungmenna verði tryggður að leiksvæðum og íþróttamannvirkjum þar sem hægt er að stunda hreyfingu og íþróttir og að hverfi verði skipulögð með þetta í huga.

Vikið er óbeint að þessu viðfangsefni í *Byggðaaáætlun*¹⁰ þar sem stefnt er að því að auka dreifingu ferðamanna um landið með markvissri uppbyggingu nýrra áfangastaða, svo og viðhaldi þeirra áfangastaða sem þegar eru til staðar.

2.6 Athafna- og iðnaðarstarfsemi

Ekki liggur fyrir stefna um þetta viðfangsefni skipulags önnur en sú sem kveður almennt á um að loftmengun skuli haldið í lágmarki, t.d. í *Velferð til framtíðar*.

2.7 Blöndun byggðar

Stefna um tengsl og blöndun íbúðarbyggðar við aðra landnotkun liggur ekki fyrir. Í *Húsnæðisstefnu* er lögð áhersla á að einstaklingar og fjölskyldur geti valið sér íbúðaform í nærumhverfi sínu sem best hentar þörfum þeirra hverju sinni og að boðið sé upp á sem mesta fjölbreytni í íbúðagerð til að stuðla að félagslegri samheldni.

2.8 Landbúnaður

Í *Velferð til framtíðar, Íslandi 2020*¹¹ og *Byggðaaáætlun* er að finna stefnu er varðar landbúnaðarsvæði. Velferð til framtíðar leggur áherslu á heilnæmi og sjálfbærni; Ísland verði ávallt virt sem framleiðandi heilnæmra og örugggra matvæla úr hágæða hráefnum í ómenguðu umhverfi og að öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt. Uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og að beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarþols og hættu á jarðvegseyðingu.

Í *Byggðaaáætlun* er gert ráð fyrir því að stuðlað sé að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri landbúnaði og sjávarútvegi. *Ísland 2020* setur vöxt atvinnulífs í samhengi við m.a.

frumframleiðslugreinar, sérstöðu einstakra svæða og myndun klasa. Þar er stefnt að því að hlutfall innlendrar matvöru í matvöruneyslu landsmanna aukist um 10% fyrir árið 2020.

2.9 Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis

Í athugasemdum við þingsályktunartillögu um *Landgræðsluáætlun*¹² koma fram meginmarkmið landgræðslustarfsins. Þau eru að stöðva jarðvegsrof og gróðureyðingu, efla gróður og jarðveg, sjálfbær landnýting, kolefnisbinding og að allir notendur og eigendur lands axli ábyrgð á meðferð gróðurs og jarðvegs. Velferð til framtíðar gerir ráð fyrir að beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarþols og hættu á jarðvegseyðingu og að unnið verði skipulega að landgræðslu á eyddum og rofskemmdum svæðum í samræmi við markmið landnýtingar og náttúruverndar á hverju svæði. Hraðfara jarðvegseyðing verði stöðvuð, sérstaklega í byggð og á láglandi.

Velferð til framtíðar setur stefnu um að viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykil vistkerfi Íslands og að unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt. Þær auðlindir landsins sem felast í jarðvegi og gróðri, þar með töldum skógi, verði byggðar upp og nýttar á sjálfbæran hátt samkvæmt bestu vísindalegu þekkingu. Fjallað er um nýtingu skóga og annarra gróðursvæða í þágu atvinnulífs og aukinna lífsgæða í *Velferð til framtíðar*. Í *Velferð til framtíðar* er stefnt að því að öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt þar sem beitt sé varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun. Uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins.

*Stefnumörkun í loftslagsmálum*¹³ og *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum* benda á skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis sem leiðir til að auka bindingu kolefnis og vinna þannig gegn loftslagsbreytingum.

2.10 Grunnkerfi

Eðlilega hefur *Samgönguáætlun* mest að segja um þetta viðfangsefni. Sett eru fram fjögur markmið um greiðar samgöngur:

- Aðgengi og hreyfanleiki í samgöngukerfinu fyrir flutninga á fólki og vörum innan og á milli svæða verði bættur. Sköpuð verði skilyrði fyrir flesta landsmenn til að komast til atvinnu- og þjónustukjarna á innan við einni klukkustund.
- Skilgreindir verði atvinnu- og þjónustukjarnar landsins í sóknaráætlunum landshluta og landsskipulagsstefnu.

- Samgöngur styrki uppbyggingu og þróun þjónustuvæða í öllum landshlutum.
- Skilgreindar verði hafnir og flugvællir sem tryggja eiga greiðar samgöngur til og frá landinu.

Hvað heildarsamhengi samgangna á landsvísu varðar er gert ráð fyrir styttingu ferðatíma, uppbyggingu vega með bundnu slitlagi og gerð jarðganga til að leysa af hólmi erfiða fjallvegi, skapa betri skilyrði fyrir jákvæða byggðapróun og eflingu einstakra atvinnu- og þjónustuvæða. Ennfremur er gert ráð fyrir því að tryggt verði að Reykjavíkurlugvöllur geti áfram þjónað hlutverki sínu á fullnægjandi hátt og að atvinnulífi verði skapað aðgengi að greiðum og hagkvæmum vöruflutningum að markaðssvæðum. Jafnframt verði unnið að styttingu flutningaleiða.

Samkvæmt *Samgönguáætlun* er stefnt að því að tryggðar verði eins greiðar tengingar og kostur er fyrir landsbyggðina við Reykjavíkurhöfn og Keflavíkurlugvöll. Til að stuðla að hagkvæmum flutningum innan einstakra landsvæða verði jafnframt skilgreindar og skipulagðar samgöngumiðstöðvar í hverjum landshluta.

Bæði *Samgönguáætlun* og *Ferðamálaáætlun* gera ráð fyrir að sérstaklega sé hugað að þörfum ferðapjónustu við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins enda séu samgöngur mikilvægasta forsenda allrar ferðapjónustu á Íslandi og mikilvægt að við áætlanagerð og framkvæmdir í tengslum við samgöngumál verði tekið tillit til hagsmuna hennar.

Varðandi mannvirkin sjálf er stefnt að stuðningi við aðgerðir sem stuðla að breyttum ferðavenjum til að draga úr þörf á uppbyggingu umferðarmannvirkja í þéttbýli auk þess að draga úr hávaða og loftmengun. Jafnframt er lögð áhersla á lagfæringar þar sem mörg slys hafa orðið og aðgreiningu akstursstefna á umferðarmestu vegum.

Í *Samgönguáætlun* og *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum* er stefnt að auknum almenningssamgöngum og auknum hlut vistvænna samgöngumáta.

Í *Samgönguáætlun* segir að markvisst verði dregið úr hávaða- og loftmengun frá samgöngum og þeim haldið innan viðmiðunargilda í stöðlum Evrópusambandsins.

*Fjarskiptaáætlun*¹⁴ kveður á um að dregið verði úr aðstöðumun fyrirtækja í dreifbýli og þéttbýli hvað varðar verð og framboð á fjarskiptaþjónustu.

Í *Orkustefnu fyrir Ísland*¹⁵ er fjallað um hvernig mannvirkjum er fyrir komið bæði með hliðsjón af umhverfisáhrifum og öryggi. Gert er ráð fyrir því að flutningskerfi séu felld að landslagi eins og kostur er og að sjónræn og önnur umhverfisáhrif flutningskerfa séu takmörkuð eins og kostur er, m.a. með hagsmuni ferðapjónustu og útivistarfólks í huga. Stefnt er að því að vatnsföll og

miðlunarlón verði nýtt með lágmarks áhrifum á náttúru og umhverfi og að vinnslugeta þeirra sé tryggð til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Lágmarka skal hættu og tjón sem samfélagið getur orðið fyrir vegna truflana í orkukerfi landsins af völdum náttúruhamfara.

Í *Velferð til framtíðar* er einnig stefnt að því að skipulag raforku og hitaveitu mála verði með þeim hætti að skilvirkni, öryggi og heildar hagkvæmni verði sem best tryggð. *Orkustefna fyrir Ísland* fjallar einnig um raforku og er þar gert ráð fyrir að landsmenn búi við fullnægjandi afhendingaröryggi raforku, sem skilgreint verði á samræmdan hátt. Að auki er í *Kerfisáætlun Landsnets*¹⁶ sett fram markmið um að fyrirtækið byggi upp sterkt flutningskerfi með hátt afhendingaröryggi raforku. Uppbygging þess skal vera hagkvæm og stuðla að aukinni verðmætasköpun og virðing skal borin fyrir umhverfi með vönduðum vinnubrögðum og nýsköpun í mannvirkjagerð.

Í *Fjarskiptaáætlun* er gert ráð fyrir að öllum landsmönnum verði tryggð jöfn aðstaða til að tileinka sér möguleika upplýsingatækninnar. Stefnt er að uppbyggingu og endurnýjun ljósleiðarastofnnettsins og að því að ljósleiðarahringtenging nái að lágmarki til landsvæða/byggðakjarna með yfir 5.000/1.000 íbúa. Ennfremur er stefnt að því að þjóðfélagslega mikilvægir fjarskiptastaðir verði skilgreindir og tengdir raforku- og ljós-leiðarastofnneti. Byggðakjarnar með yfir 50 íbúa séu tengdir með ljósleiðara.

2.11 Opin svæði, útivist og íþróttir

Velferð til framtíðar gerir ráð fyrir að réttur almennings að frjálsum aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn beri til vegna náttúruverndarsjónarmiða og að tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Markmiðið er m.a. að kynnast náttúrunni og fá tækifæri til að mynda tilfinningatengsl við hana.

Byggðaáætlun fjallar um ferðaþjónustu og dreifingu ferðamanna. Þar er stefnt að eflingu ferðaþjónustu, einkum á sviðum þar sem sérstaða íslenskrar náttúru, afurða og náttúruauðlinda nýtist. Ennfremur að auka dreifingu ferðamanna um landið með markvissri uppbyggingu nýrra áfangastaða, svo og viðhaldi þeirra áfangastaða sem þegar eru til staðar.

Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum gerir ráð fyrir að sveitar- og íþróttafélög auki aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum og fjölggi tilboðum um íþróttir, hreyfingu og útivist.

Í *Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks* er kveðið á um að gott aðgengi sé eitt af lykilhugtökum þegar rætt er um jafnrétti og jafna stöðu allra í samfélaginu. Opin svæði fyrir almenning, svo sem skipulögð útivistarsvæði, almenningsgarðar og mannvirki á svæðum sem ætluð eru til útivistar, skuli vera aðgengileg öllum.

2.12 Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs

Engin stefna eða áætlanir á landsvísu er í gildi um efnistöku og efnislosun en fyrir liggur *Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004 – 2016*¹⁷ ásamt drögum að endurskoðun fyrir tímabilið 2012 – 2024. Þar er stefnt að því að tekið sé mið af mengunarbótarreglunni og að úrgangur sé meðhöndlaður af ábyrgð og þekkingu og á hagkvæman hátt. Markmið áætlunarinnar er m.a. að draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu hans og minnka magn úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar.

2.13 Stakar framkvæmdir

Hér er átt við framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir í aðalskipulagi, t.d. smávirkjanir, fjarskiptabúnað og stök frístundahús. Stefna og áætlanir stjórnvalda á landsvísu innihalda eðlilega fátt sem heimfæra má á þetta viðfangsefni en nefna má stefnu í *Fjarskiptaáætlun* um að öllum landsmönnum verði tryggð jöfn aðstaða til að tileinka sér möguleika upplýsingatækninnar. Í *Orkustefnu fyrir Ísland* er stefnt að því að orkuöryggi og sjálfbærni verði aukin með því að fjölga tegundum orkugjafa eftir því sem raunhæft er hverju sinni, og hvetja til dreifðari, smærri orkuvinnslukosta jafnhliða öðrum.

2.14 Vernd náttúru og menningarminja

Mjög yfirgripsmikið yfirlit um náttúruvernd kemur fram í Hvítbók sem nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga tók saman og umhverfisráðuneytið gaf út síðsumars 2011.

Stefna um vernd náttúru og landslags kemur fram í almennum dráttum í *Velferð til framtíðar* en þrjár megináætlanir sem kveða á um náttúruvernd, þ.e. *Náttúruverndaráætlun*¹⁸, *Náttúruminjasrá*¹⁹ og *Verndar- og orkunýtingaráætlun*²⁰ byggjast ekki á sameiginlegri heildarstefnu um náttúruvernd á landsvísu, heldur eru þær upptalningar á stökum svæðum. Þó kemur fram að *Náttúruverndaráætlun* kveði á um friðlýsingu 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn sé að koma upp neti verndarsvæða til þess að tryggja verndun landslags,

náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.

Í *Yfirlitsskrá heimsminjanefndar*²¹ koma fram upplýsingar um náttúru- og menningarminjar sem fyrirhugað er að tilnefna á heimsminjaskrá UNESCO.

Í *Velferð til framtíðar* kemur bæði fram stefna um verndun og nýtingu. Stefna um verndun snýr í almennum atriðum að fjölbreytileika tegunda, búsvæðum og vistgerðum, votlendi, birkiskógum, fjölbreytni jarðmyndana og stórum samfelldum víðernum. Stefna um nýtingu varðar annars vegar það að almenningur geti komist í tengsl við náttúruna til þess að upplifa hana og skilja en hins vegar um sjálfbæra nýtingu náttúrugæða í atvinnuskyni. Almennur geti kynnst náttúrunni og fengið tækifæri til að mynda tilfinningatengsl við hana og að hann geti gert sér grein fyrir gildum, viðhorfum og tilfinningum til náttúru og umhverfis. Aðgengi almennings að náttúru landsins verði ekki skert að nauðsynjalausu og tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Stefnt er að því að öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt og að við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiðum og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. Komið verði í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar ferðamanna.

Stefna fyrir tilteknar atvinnugreinar kveður á um virðingu fyrir náttúrunni. Í *Ferðamálaáætlun*²² er stefnt að því að uppbygging innviða ferðaþjónustunnar miði að vernd náttúru Íslands og innleitt sé hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu landsins. Í *Menningarstefnu í mannvirkjagerð* segir að við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skuli viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggja að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni. Einnig skuli huga að náttúrulegri strandlínu og sjávarbotni svo að tryggja megi sérstöðu og margbreytileika.

Í *Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni*²³ er stefnt að því að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni í kerfi verndarsvæða sem nánar séu útfærð í náttúruverndaráætlunum. Þar er enn fremur stefnt að endurheimt náttúrulegs vistkerfis og tegunda með sérstökum áætlunum þar um.

Vernd menningarminja og fornleifa

Ekki liggur fyrir stefna eða áætlanir á landsvísu sem snerta þetta viðfangsefni sérstaklega en vikið er að varðveislu menningarminja í *Menningarstefnu í mannvirkjagerð*. Þar segir að tryggja beri verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi

Þess. Stuðla skuli að því að menningararfur manngerðs umhverfis njóti aðgæslu og virðingar sem hentar sögulegu hlutverki, tæknilegum vitnisburði og sjónrænum eiginleikum. Lögð er áhersla á lifandi notkun og að tekið sé tillit til upprunalegrar verkætækni og mikilvægra sérkenna. Þá segir að við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja skuli viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggi að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.

Í *Ferðamálaáætlun* er stefnt að því að uppbygging innviða ferðaþjónustunnar feli í sér að innleiða hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu landsins.

Vernd vatns og strandsvæða

Í *Velferð til framtíðar* eru ýmis ákvæði sem varða vernd vatns og strandsvæða. Stefnt er að því að allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni, ómenguðu af efnum og örverum, til neyslu og annarra nytja. Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin, eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi og að tilvik þar sem neysluvatn mengast heyri til undantekninga. Ennfremur er stefnt að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt.

Í *Velferð til framtíðar og stefnumótun íslenskra stjórnvalda um hafið*²⁴ eru ákvæði um mengun hafsins og sjálfbæra nýtingu auðlinda þess. Stefnt er að því að styrkur manngerðra mengunarefna í sjávarfangi úr hafinu umhverfis Ísland sé ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum og að losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi hverfi með öllu, ekki síst losun þrávirkra lífrænna efna og þungmálma. Áformað er að flokka strandsvæði með tilliti til þeirra þátta sem ráða mestu um staðbundin áhrif skólplosunar, kortleggja útstreymi þrávirkra lífrænna efna og þungmálma með fráveitum, kortleggja mengaða staði og gera úttekt á styrk næringarefna í nágrenni stórra eldisstöðva.

Í *Áætlun Íslands um vernd hafsins gegn athöfnum á landi*²⁵ koma fram margvíslegar ráðstafanir stjórnvalda til að koma í veg fyrir að mengunarefni berist til hafsins, m.a. með fráveitu, við sorpbrennslu og frá urðunarstöðum.

Byggðaaætlun vikur óbeint að nýtingu vatns og strandsvæða þar sem gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri landbúnaði og sjávarútvegi.

Gert er ráð fyrir að fyrsta vatnaáætlun Íslands taki gildi í byrjun árs 2016 en á vef Umhverfisstofnunar má fylgjast með mótun áætlunarinnar.

2.15 Varúðarsvæði og náttúruvá

Í *Velferð til framtíðar* er vikið mjög almennum orðum að náttúruvá með stefnu um að allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvár og að landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár. Þar er vakin athygli á hættu sem stafar af gróður- og skógareldum og að þeir skuli skilgreindir sem náttúruvá.

Í *Orkustefnu fyrir Ísland* er stefnt að því að lágmarka hættu og tjón sem samfélagið getur orðið fyrir vegna truflana í orkukerfi landsins af völdum náttúruhamfara.

Í *Stefnumörkun í loftslagsmálum* er kveðið á um að við hönnun á byggð og mannvirkjum við ströndina skuli hafa í huga líklega hækkun á sjávarborði og meta líkur á sjávarflóðum.

2.16 Verndar- og orkunýtingaráætlun

Undir þessu viðfangsefni aðalskipulags skal gera grein fyrir svæðum sem tengjast *Verndar- og orkunýtingaráætlun* en það gefur ekki tilefni til samantektar hér þar sem hún er enn til umfjöllunar hjá stjórnvöldum.

3 Samandregnar niðurstöður og ályktanir

3.1 Greining á stefnum og áætlunum

Stefnur og áætlanir ríkisins eru vel yfir 100 talsins og teljast þá ekki með lög eða reglugerðir sem kunna að fela í sér stefnu stjórnvalda á hverjum tíma.²⁶ Greining á 24 stefnum og áætlunum á landsvísu sem varða landnotkun í þessu yfirliti leiðir ekki í ljós verulegt ósamræmi í stefnu ríkisins um landnotkun og nýtingu lands sem sett er fram á mismunandi sviðum stjórnsýslunnar. Um er að ræða almenna stefnumörkun eða stefnu sem er sett fram með þeim hætti að áhrif hennar á ákvarðanatöku í aðalskipulagi eru óljós. Í yfirlitinu eru dregin fram fjölmörg markmið úr stefnum og áætlunum sem varða skipulagsgerð sveitarfélaganna en í fæstum tilfellum er um að ræða hlutlæga útfærslu þeirra sem hægt er að taka beint upp í skipulagsáætlun. Tæplega 200 markmið voru greind og flokkuð með tilliti til viðfangsefna í aðalskipulagi og ljóst er að þessar 24 stefnur og áætlanir eru að tala með ýmsum hætti til aðalskipulags sveitarfélaganna. Innleiðing stefnunnar eða framkvæmdin býður hins vegar í fæstum tilfellum upp á útfærslu í aðalskipulagi þar sem m.a. vantar skýrari yfirfæranalega stefnu, tenginguna í gegnum afmörkuð verkefni og fjármagn til að hrinda þeim í framkvæmd.

Þessi niðurstaða kemur heim og saman við greiningu á stefnumótun og áætlanagerð ríkisins sem unnin var í tengslum við 20/20 *Sóknaráætlun*, en þar kom m.a. í ljós að styrkleikarnir felast í undirbúningi, greiningu og setningu markmiða. Veikleikarnir felast í skorti á tengingu við fjármagn, framkvæmd, eftirfylgni og mati á árangri.²⁷

Eins og fram hefur komið eru þau gögn sem hér er gefið yfirlit yfir afar ólík hvað varðar uppruna og efnistöð. Einnig virðist vera lítil tenging milli einstakra stefna og áætlana. Ástæðuna má vafalítið rekja til þess hve lítil samvinna hefur verið milli þeirra sem koma að mótun stefnu og gerð áætlana hjá hinu opinbera líkt og kemur fram í greiningu Héðins Unnsteinssonar o.fl.²⁸

„Ekki er hægt að sjá að stefnur og áætlanir séu tengdar hvor annarri eða styðji við hvor aðra. Dæmi eru um að þrjár stefnur sem unnu að sama markmiðinu með ólíkum hætti án þess að vísa í hverja aðra eða samhæfa aðgerðir til að ná fram markmiðum. Þetta er að miklu leyti í samræmi við þá sílóhugsun sem hefur verið áberandi hér á landi, í Finnlandi og öðrum Evrópuríkjum. Unnið er markvisst að því að draga úr þessari sílóhugsun með því að hvetja til og innleiða vinnubrögð í anda samhentrar stjórnsýslu (joined-up government). Það mun án efa nást mikill ábati ef stefnur og áætlanir fá meiri heildarhugsun og tengjast með markvissari hætti en nú er.“²⁹

Sem dæmi um misræmi í stefnumótun má nefna annars vegar *Samgönguáætlun* og hins vegar *Kerfisáætlun Landsnets* sem báðar lýsa áformum um þróun veigamikilla grunnkerfa á landsvísu en þeim er mjög ólíkt fyrir komið í stjórnsýslunni.

Bæta þarf stefnumótun og áætlanagerð á vegum ríkisins og skilgreina muninn á stefnu og áætlun, þannig að tilgangur og hlutverk þessara verkfæra sé þekktur. Æskilegt er að stefnur og áætlanir ráðuneyta og stofnana séu settar fram með samræmdari, skýrari og gegnsærri hætti en verið hefur þannig að þær geti haft tilætluð áhrif á ákvarðanatöku innan stjórnsýslunnar, þvert á ráðuneyti og milli stjórnsýslustiga. Mikilvægt er að samræma með hvaða hætti stefna eða áætlun er mótuð, þ.m.t. hvernig samráðs- og afgreiðsluferli er háttað. Skýrt þarf að vera fyrir hverja stefna eða áætlun er unnin, hvernig hún skuldbindur stjórnvöld og að við samþykkt stefnu eða áætlunar fylgi nauðsynlegt fjármagn til að tryggja framfylgd hennar og til að hún nýtist sem verkstjórnartæki. Í áætlunum verði síðan útfærð verkefni í nánú samstarfi við sveitarfélögin sem skila sér í aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna.

3.2 Samþætting við aðalskipulagsgerð sveitarfélaganna

Með landsskipulagsstefnu er fengin mikilvæg brú milli stefnu og áætlana á landsvísu og skipulagsáætlana sveitarfélaga. Ætla má að ásetningur stjórnvalda um þróun mála á landsvísu hafi því meiri áhrif á sveitarstjórnarstigi sem betur er um hnútana búið, hvað varðar skýrleika, mælanleika og rökstuðning.

Við greiningu á stefnum og áætlunum, með tilliti til viðfangsefna í aðalskipulagi, kom í ljós talsvert misræmi í því hvernig og hvort stefnur og áætlanir eru að takast á við þær áskoranir sem við er að eiga í aðalskipulagsgerð og dregnar eru fram í áherslum landsskipulagsstefnu, einkum búsetumynstri. Með hliðsjón af greiningunni mætti nefna eftirtalda málaflokka sem ástæða væri til að stefnur og áætlanir fjölluðu nánar um:

- Stefna um opinbera þjónustu og fyrirkomulag nærþjónustu svo sem heilsugæslu o.fl.
- Stefna um fyrirkomulag verslunar og þjónustu. Hér er um að ræða atriði sem getur haft úrslitaáhrif á þróun byggðar, bæði innan þéttbýlis og á svæðisvísu. Nefna má að ákvæði um þetta efni er að finna í dönsku skipulagslögunum og í lögum fleiri nágrennaríkja.
- Stefna um náttúruvernd. Þótt segja megi að tiltekin stefna sé fólgin í lagamma og áætlanagerð í þessum málaflokki hafa mikilvæg atriði orðið útundan, t.d. hvert samspil hennar skuli vera við byggðapróun og atvinnulíf á nærsvæðum.
- Stefna um tengsl og blöndun íbúða við aðra landnotkun og um frístundabyggð svo sem á landbúnaðarsvæðum.

Í kafla 3.1 um greiningu á stefnum og áætlunum kemur fram að ekki hafi verið greint verulegt ósamræmi milli einstakra áætlana á landsvísu. Hið sama á ekki við þegar skoðaðar eru annars vegar ætlanir á landsvísu og hins vegar aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga. Nokkur nýleg dæmi eru um ósamræmi, svo sem misræmi í stefnumörkun um Reykjavíkflugvöll í *Samgönguáætlun 2011-2022* og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. *Samgönguáætlun* gerir ráð fyrir flugvelli í Vatnsmýri til framtíðar en aðalskipulagið gerir ráð fyrir að flugvöllurinn víki í áföngum.

Ofangreint dæmi undirstrikar mikilvægi þess að samræmis sé gætt í stefnumótun ríkisins á landsvísu og í aðalskipulagi sveitarfélaga og þörfina fyrir samtal milli þessara tveggja stjórnsýslustiga. Þessu tengt vakna einnig spurningar um gildi þingsályktana og ólíka lögformlega stöðu einstakra áætlana eins og *Samgönguáætlunar*, *Verndar-* og *nýtingaráætlunar* og *Náttúruverndaráætlunar*, t.d. á skipulagsgerð sveitarfélaga.

4 Viðauki

Í viðaukanum er að finna markmið úr hinum ýmsu áætlunum sem unnið er með í yfirlitinu. Aftast er listi yfir stefnur og áætlanir sem greindar eru og vísar heiti áætlunar til skammstöfunar sem stendur með hverju markmiði í viðaukanum.

Sjálfbær þróun

Efling félagsauðs, menningar og skapandi greina. Að byggja samkeppnishæfni, nýsköpun og sjálfbæra þróun atvinnulífsins á sérstöðu og styrkleikum hvers svæðis eða atvinnugreinar fyrir sig. [BYG-1]

Að efla klasahugsun og svæðisbundin þekkingarsetur sem samþætta þverfagleg fræðasvið og staðbundnar áherslur, sérkenni og styrkleika. [BYG-1]

Að efla ferðaþjónustu, einkum á sviðum þar sem sérstaða íslenskrar náttúru, afurða og náttúruauðlinda nýtist. [BYG-2]

Að efla félagsauð hvers svæðis, sem er grundvöllur atvinnulífs, þjónustu og almennrar þátttöku í uppbyggingu samfélagsins og því miklu um almenn búsetuskilyrði og samkeppnishæfni. [BYG-2]

Að efla græna atvinnustarfsemi. [BYG-3]

Að nýta endurnýjanlega orku á sjálfbæran og samfélagslega ábyrgan hátt til verðmæta- og atvinnusköpunar. [BYG-3]

Að skilgreina skilvirkar vinnu- og þjónustusóknir og efla landshluta- og héraðskjarna. [BYG-4]
Skilgreindir verði atvinnu- og þjónustukjarnar landsins í sóknaráætlunum landshluta og landsskipulagsstefnu. [SAM-1]

Að efla sjálfbæra nýtingu nytjastofna á strandsvæðum. [BYG-6]

Að auka hlutdeild innlendra, visthæfra orkugjafa í samgöngum [BYG-14]

Að auka hlutdeild innlendra, visthæfra orkugjafa í samgöngum [BYG-14]

Auk tæknilegra lausna verði með fræðslu, hagrænum hvötum og skipulagsaðgerðum stuðlað að breyttum ferðavenjum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. [SAM-4]

Dregið verði úr neikvæðum umhverfisáhrifum samgangna með það að markmiði að þær verði umhverfislega sjálfbærar. [SAM3]

Markvissar aðgerðir miði að minni notkun jarðefnaeldsneytis og að samgöngutæki nýti orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum, auk orkusparandi aðgerða fyrir eldri farartæki. [SAM3]

Staðbundin loftgæði verði aukin með því að gera sveitarfélögum kleift með lagasetningu að skilgreina sérstök umhverfissvæði og um leið að takmarka þar umferð. [SAM-4]

Stjórnvöld stuðli að nýtingu fjarskipta til þess að stemma stigu við neikvæðum áhrifum

loftslagsbreytinga. [FJA-3]

Stuðlað verði að umhverfissvænni póstdreifingu. [FJA-3]

Að efla menningarstarf og skapandi greinar. [BYG-2]

Að bæta framboð og aðgengi að menntun á öllum skólastigum. [BYG-21]

Íslensk náttúra er auðlind ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að byggja upp, vernda og viðhalda ferðamannastöðum um allt land. [FER-1]

Uppbygging innviða ferðaþjónustunnar miði að því að vernda náttúru Íslands og ferðamálaáætlun stefni að því að innleiða hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu landsins. [FER-1]

Vörubrúunarverkefni í ferðaþjónustu verði byggð á klasahugmyndafræði og grundvallist á sérstöðu og stefnumótun svæða. [FER-2]

Áhersla er lögð á að rjúfa tengsl milli hagvaxtar og myndunar úrgangs, tryggja að flestar vörur séu endurnýttar eða endurnotaðar og að nýta þá orku sem verður til við urðun eða brennslu úrgangs. Horfa verður til nýrra tækifæra sem skapast í kringum endurnýtingu úrgangs og að verið sé að skapa þörf sem getur leitt af sér ný tækifæri og nýsköpun fyrir íslenskt atvinnulíf. [ÚRG-7]

Sveitarfélög þurfa að hafa forgöngu um eða bjóða upp á flokkun á úrgangi til endurvinnslu, bæði fyrir íbúa og fyrirtæki og veita ráðleggingar um hvernig eigi að draga úr myndun úrgangs. Þau þurfa í samvinnu við sína íbúa að fjárfesta í innviðum sem auðvelda flokkun úrgangs til endurvinnslu. [ÚRG-7]

Leiðarljós orkustefnu:

- Að orkubúskap Íslands verði hagað með sjálfbærum hætti, samfélaginu og almenningi til hagsbóta.
- Meginmarkmið sem varða landnotkun:
- Við nýtingu orkuauðlinda verði borin virðing fyrir umhverfi,
- náttúru og sérkennum landsins.
- Orkuframboð henti fjölbreyttu atvinnulífi.

Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis. [ORK-17]

Að lágmarka hættu og tjón sem samfélagið getur orðið fyrir vegna truflana í orkukerfi landsins af völdum náttúruhamfara. [ORK-22]

Í landsskipulagsstefnu verði litið til hættumats og orkumannvirki staðsett með hliðsjón af því. [ORK-22]

Að landsmenn búi við fullnægjandi afhendingaröryggi raforku, sem skilgreint verði á samræmdan hátt. [ORK-23]

Flutnings- og dreifikerfi verði áfram styrkt til að auka afhendingaröryggi. Þá verði horft til fjölbreyttari orkugjafa, sbr. kafla 6.7. [ORK-23]

Orkuöryggi og sjálfbærni verði aukin með því að fjölga tegundum orkugjafa eftir því sem

raunhæft er hverju sinni, og hvetja til dreifðari, smærri orkuvinnslukosta jafnhliða öðrum. [ORK-25]

Við töku ákvarðana um frekari uppbyggingu orkuvera, flutningsnets og orkufreks iðnaðar á Íslandi verði áhrif á náttúrugæði metin hagrænt og heildrænt. Við ákvarðanatöku verði umhverfiskostnaður og fjárnarkostnaður vegna glataðra eða skertra umhverfisverðmæta meðal matsþátta í kostnaðar- og ábatagreiningu. [ORK-29]

Skylt verði sem hluti af umhverfismati áætlana að leggja mat á umhverfiskostnað og fjárnarkostnað vegna glataðra eða skertra umhverfisverðmæta. M.a. á þetta við um aðalskipulagsáætlanir og í landsskipulagsstefnu. [ORK-29]

Hverju sinni liggja fyrir flokkun virkjunarkosta, er byggja á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati. Þar sé litið til verndargildis náttúru og menningar-sögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Flokkun virkjunarkosta taki jafnframt til annarra kosta en vatnsafls- og jarðhitavirkjana, svo sem nýtingar vindorku og sjávarfalla, eftir því sem þeir teljast raunhæfir og hagkvæmir. [ORK-30]

Að vatnsföll og miðlunarlón verði nýtt með lágmarks áhrifum á náttúru og umhverfi og að vinnslugeta þeirra sé tryggð til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Meta skal, auk beinna hagrænna áhrifa, umhverfis- og samfélagsáhrif nýrra vatnsorkuverkefna. [ORK-32]

Jarðhiti verði nýttur með lágmarks áhrifum á náttúru og umhverfi og að vinnslugeta jarðhitasvæða sé tryggð til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Meta skal, auk beinna hagrænna áhrifa, umhverfis- og samfélagsáhrif nýrra jarðhitaverkefna. Mengun frá jarðhitavirkjunum verði takmörkuð eins og unnt er. [ORK-33]

Að sjónræn og önnur umhverfisleg áhrif flutningskerfa séu takmörkuð eins og kostur er, m.a. með hagsmuni ferðaþjónustu og útivistarfólks í huga. [ORK-33]

Flutningskerfi séu felld að landslagi eins og kostur er. Uppbygging flutningskerfa á víðernum sé takmörkuð. [ORK-34]

Yfirlýst markmið Íslands er að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda um 50-75% árið 2050, miðað við 1990. [ORK-35]

Að við ráðstöfun og nýtingu orkuauðlinda í umsjá opinberra aðila sé leitast við að hámarka samfélagslegan ávinning, þ.e. framlegð og arðsemi að frádregnum samfélagslegum kostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna umhverfisáhrifa. [ORK-39]

Að lágmarka notkun raforku til hitunar og auka hlutdeild annarra hagkvæmra orkugjafa. [ORK-48]

Úrgangur hvers konar verði í sem mestum mæli enduruninn eða honum eytt í lokuðum kerfum sem vinna raforku og varma eða eldsneyti með lágmarks umhverfisáhrifum. [ORK-51]

Líta þarf til möguleika á iðn- og auðlindagörðum í landsskipulagsstefnu. [ORK-59]

Sömuleiðis eru bættar almenningssamgöngur, reiðhjóla- og göngustígar þjóðhagslega hagkvæm sé rétt að slíkum aðgerðum staðið. [ORK-63]

Almenningssamgöngur og annar vistvænn ferðamáti, t.d. hjólreiðar, verði styrktar með tilliti til þess að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. [ORK-65]

Vitund almennings og hagsmunaaðila um vistvænt skipulag og mannvirki verði aukin. [VEL-10]

- að gera sér grein fyrir gildum, viðhorfum og tilfinning um til náttúru og umhverfis [VEL-13]
- að þróa með sér skilning og áhuga á um hverfisvernd [VEL-13]
- að skilja hvers vegna verndun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa er mikilvæg til að tryggja viðhald náttúrunnar í framtíðinni, [VEL-13]
- að öðlast náttúrufræðilega, félags vísindalega og tæknilega þekkingu sem getur haft áhrif á nýtingu náttúrunnar í framtíðinni [VEL-13]
- að vera fær um að veða og meta mismunandi sjónar mið til náttúru og umhverfis og greina á milli þeirra t.d. með tilliti til hversu sjálfbær þau eru [VEL-13]

Íbúar landsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu. [VEL-16]

Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki. [VEL-16]

Stuðlað verði að bættri orkunýtni. [VEL-23]

Stuðlað verði að auknum eldsneytissparnaði. [VEL-23]

Dregið verði úr notkun jarðefna eldsneytis. [VEL-27]

Styrkur manngerðra mengunarefna í sjávarfangi úr hafinu umhverfis Ísland sé ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyfirvalda. [VEL-26]

Umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið bera höfuðábyrgð á eflingu landgræðslu og skógræktar til að binda kolefni úr andrúmsloftinu. Reiknað er með að skógrækt og landgræðsla skili að lágmarki um 775 Gg bindingu árið 2020. [ALO-31]

Að í samgöngum og sjávarútvegi verði a.m.k. 10% orkugjafa af endurnýjanlegum uppruna árið 2020. [ÍSL-10]

Að Ísland taki að sér sambærilegar skuldbindingar og önnur Evrópuríki gagnvart

loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna árið 2020 og nettólosun gróðurhúsalofttegunda utan viðskiptakerfis lækki um 38% frá árinu 2008. [ÍSL-10]

Leitað verður allra hagkvæmra leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Markvisst verður stuðlað að samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis, en þess í stað nýtt endurnýjanleg orka og loftslagsvænt eldsneyti. [SLO-3]

Stuðlað verður að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu, endurheimt votlendis og breytti landnotkun. [SLO-3]

Þéttbýli

Vegfarendum verði tryggt öruggt og heilnæmt umhverfi, óháð ferðamáta. Sérstaklega verði hugað að öryggi samgöngumáta, t.d. hjólreiða, sem fara hratt vaxandi og slysatíðni er óljós. [SAM6]

Almenningssamgöngur milli þéttbýlisstaða og innan þéttbýlis verði eflar. [SAM-2]

Hjólandi og gangandi vegfarendum verði auðveldað að komast leiðar sinnar. [SAM2]

Tryggt verði aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða einstaklinga að mannvirkjum og þjónustu samgöngukerfisins. [SAM2]

Stutt verði við aðgerðir sem stuðla að breyttum ferðavenjum til að draga úr þörf á uppbyggingu umferðarmannvirkja í þéttbýli. [SAM2]

Vitund almennings og hagsmunaaðila um vistvænt skipulag og mannvirki verði aukin. [VEL-10]

Stjórnvöld eiga í ríkara mæli að huga að heildarmynd byggðar frekar en að einblína á tæknilega þætti og afmarkaða hluta stakra verkefna. [MAN-25]

Áhersla skal lögð á heildarmynd og mælikvarða þegar byggt er í og við eldri byggð. [MAN-25]

Áhersla skal vera á heildarmynd hvers verkefnis við hönnun og skipulag opinberra mannvirkja.

Leitast skal við að tryggja sem best aðgengi fyrir alla. Frágangur lands og lóða og hlutdeild listar eru órjúfanlegir þættir í heildarmynd verkefna. [MAN-11]

Tryggja ber verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi þess. Stuðla skal að því að menningararfur manngerðs umhverfis njóti aðgæslu og virðingar sem hentar sögulegu hlutverki, tæknilegum vitnisburði og sjónrænum eiginleikum. [MAN-21]

Reiknað er með að efling göngu og hjólreiða skili þeim ávinningi að losun verði 20-40 Gg minni árið 2020 en hún hefði ella verið. Efling almenningssamgangna getur skilað enn meiri ávinningi. [ALO-28]

Í skipulagsvinnu sveitarfélaga á svæðum og umferðarleiðum verði gert ráð fyrir reiðhjóla- og göngustígum og grænum svæðum til útivistar og leikja fyrir börn og fullorðna. [ÍPR-21]

Alþingi ályktar að gott aðgengi sé eitt af lykilhugtökum þegar rætt er um jafnrétti og jafna stöðu allra í samfélaginu, sama hvort átt er við mannvirki, aðgang að upplýsingum eða möguleika til tjáskipta. Heimili, skólar, vinnustaðir, tómstunda- og íþróttamiðstöðvar, verslanir, opinberar byggingar og annað húsnæði sem almenningur á aðgang að skulu vera aðgengileg öllum út frá algildri hönnun samkvæmt lögum um mannvirki. Það sama gildi um opin svæði fyrir almenning, svo sem skipulögð útivistarsvæði, almenningsgarða og mannvirki á svæðum sem ætluð eru til útivistar. [FAT-3]

Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki. [VEL-16]

Íbúar og íbúðir

Mikilvægt er að einstaklingar og fjölskyldur geti valið sér íbúðaform í nærumhverfi sínu sem best hentar þörfum þeirra hverju sinni. Hverfi og bæir þurfa að bjóða upp á sem mesta fjölbreytni í íbúðagerð. Þá er átt við fjölbreytni í stærðum íbúða, íbúðagerð (sérbýli og fjölbýli) og búsetuformum (leigu-, búseturéttar- og eignaríbúðir). Fjölskyldur og einstaklingar sem eiga rétt á opinberri aðstoð, til dæmis lágtekjufólk, fjölskyldur með þunga framfærslubyrði, fólk í erfiðum félagslegum aðstæðum, fatlaðir og aldraðir, eiga að vera á sama húsnæðismarkaði og aðrir á húsnæðismarkaði. Auðvelt aðgengi að grunnþjónustu og almenningsamgöngum þarf að vera í öllum hverfum og bæjum. [HÚS-13]

Markmið húsnæðisáætlunar er að tryggja fjölbreytileika á framboði á húsnæði eftir ólíkum búsetuformum, stærð, gerð húsnæðis og aðgengi. Í áætluninni þarf að leggja áherslu á byggingu hagkvæms íbúðarhúsnæðis á svæðum þar sem varanleg eftirspurn eftir húsnæði er til staðar. Við gerð húsnæðisáætlunar er nauðsynlegt að styðjast við ítarlegar greiningar á húsnæðismarkaði. [HÚS-15]

Aukin áhersla verði lögð á almenningsamgöngur, göngu og hjóltreiddar með þau markmið að leiðarljósi að draga úr umhverfisáhrifum, samgöngukostnaði og auka nærþjónustu við borgarana. [SAM3]

Netborgarinn geti afgreitt sig sjálfur hvenær sem er, hvar sem er og án tafar. Það gildi um hvers kyns þjónustu þar sem því verður við komið, til dæmis umsóknir, vottorð, tilkynningar, tímapantanir, gagnaskil og fleira sem snýr að samskiptum við opinbera aðila. Hægt verði að fylla í eyðublöð á Netinu, senda inn, fylgjast með afgreiðslu og fá úrlausn mála. Biðraðir í þjónustustofnunum heyri sögunni til. [NET-8]

Verslun og önnur þjónusta

Að auka dreifingu ferðamanna um landið með markvissri uppbyggingu nýrra áfangastaða, svo og viðhaldi þeirra áfangastaða sem þegar eru til staðar. [BYG-26]

Uppbygging íþróttamannvirkja taki mið af nýtingu þeirra fyrir skóla, íþróttafélög og almenning. [ÍÞR-21]

Íþróttamannvirki verði skilgreind út frá þeim kröfum sem gerðar eru til alþjóðlegrar keppni í þeim íþróttagreinum sem Íslendingar eiga möguleika á að ná árangri í á alþjóðavettvangi með það að markmiði að nýta fjármuni betur. [ÍÞR-21]

Skólalóðir verði hannaðar í takt við tíðaranda og gerðar aðlaðandi. [ÍÞR-21]

Aðgangur barna og ungmenna að leiksvæðum og íþróttamannvirkjum þar sem hægt er að stunda

hreyfingu og íþróttir verði tryggður. Hverfi verði skipulögð með þetta í huga. [ÍPR-21]

Athafna- og iðnaðarstarfsemi

Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki. [VEL-16]

Blöndun byggðar

Húsnæðisstefna þarf að stuðla að félagslegri samheldni. Hún á að vinna gegn aðskilnaði ólíkra samfélagshópa á húsnæðismarkaði. Mikilvægt er að einstaklingar og fjölskyldur geti valið sér íbúðaform í nærumhverfi sínu sem best hentar þörfum þeirra hverju sinni. Hverfi og bæjir þurfa að bjóða upp á sem mesta fjölbreytni í íbúðagerð. Þá er átt við fjölbreytni í stærðum íbúða, íbúðagerð (sérbýli og fjölbýli) og búsetuformum (leigu-, búseturéttar- og eignaríbúðir). [HÚS-13]

Landbúnaður

Að stuðla að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri landbúnaði og sjávarútvegi. [BYG20]
Ísland verði ávallt virt sem framleiðandi heilnæmra og öruggra matvæla úr hágæða hráefnum í ómenguðu umhverfi. [VEL-17]

Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarpóls og hættu á jarðvegseyðingu. [VEL-23]

Öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt. [VEL-28]

Að hlutfall innlendrar matvöru í matvöruneyslu landsmanna aukist um 10% fyrir árið 2020. [ÍSL-10]

Meginmarkið atvinnustefnu fyrir Ísland til 2020 er að skapa ný og fjölbreytt störf sem eru vel launuð og gjaldreyrisskapandi og byggja á samkeppnishæfni Íslands í heild eða sérstöðu einstakra svæða. Grundvöllur atvinnustefnunnar skal vera fjölbreytni, jafnræði, heilbrigðir viðskiptahættir og jafnrétti og græn atvinnuuppbygging í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. [ÍSL-15]

Vöxtur í íslensku atvinnulífi þarf að vera grænn, snjall og ná til margra þátta atvinnulífsins. Helstu vaxtargreinarnar eru líklegar til að tengjast iðnaði, frumgreinaframleiðslu og þjónustu, þ.m.t. hátækni og þekkingariðnaði, skapandi greinum og ferðaþjónustu. [ÍSL-15]

Stutt verði við myndun klasa þar sem tækifæri er fyrir hendi til ábyrgs vaxtar og áhersla lögð á fjárfestingu í menntun, vísindum og nýsköpun. [ÍSL-16]

Uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins. [VEL-23]

Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis

Að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll.

[LGR-5]

Að byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf. [LGR-5]

Að öll landnýting verði sjálfbær. [LGR-5]

Að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda. [LGR-5]

Að allir notendur og eigendur lands axli ábyrgð á meðferð gróðurs og jarðvegs. [LGR-5]

Stöðvun hraðfara jarðvegseyðingar, einkum þar sem rof er í grónu landi og þar sem sandur ógnar mannvirkjum. [LGR-6]

Víðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. [VEL-20]

Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykil vistkerfi Íslands.

[VEL-20]

Unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt. [VEL-20]

Þær auðlindir landsins sem felast í jarðvegi og gróðri, þar með töldum skógi, verði byggðar upp og nýttar á sjálfbæran hátt samkvæmt bestu vísindalegu þekkingu. [VEL-23]

Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarpóls og hættu á jarðvegseyðingu. [VEL-23]

Unnið verði skipulega að landgræðslu á eyddum og rofskemmdum svæðum í samræmi við markmið landnýtingar og náttúruverndar á hverju svæði. Hraðfara jarðvegseyðing verði stöðvuð, sérstaklega í byggð og á láglandi. [VEL-23]

Öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt. [VEL-28]

Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðasjónarmiði og

vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. [VEL-28]

Uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins. [VEL-23]

Umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið bera höfuðábyrgð á eflingu landgræðslu og skógræktar til að binda kolefni úr andrúmsloftinu. Reiknað er með að skógrækt og landgræðsla skili að lágmarki um 775 Gg bindingu árið 2020. [ALO-31]

Umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið bera höfuðábyrgð á þessari aðgerð. Reiknað er með að endurheimt votlendis skili 50-100 Gg minnkaðri losun árið 2020. [ALO-31]

Stuðlað verður að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu, endurheimt votlendis og breyttri landnotkun. [SLO-3]

Samgöngur, vegir og stígar

Aðgengi og hreyfanleiki í samgöngukerfinu fyrir flutninga á fólki og vörum innan og á milli svæða verði bættur. Sköpuð verði skilyrði fyrir flesta landsmenn til að komast til atvinnu- og þjónustukjarna á innan við einni klukkustund. [SAM-1]

Samgöngur styrki uppbyggingu og þróun þjónustusvæða í öllum landshlutum. Skilgreindar verði hafnir og flugvöllir sem tryggja eiga greiðar samgöngur til og frá landinu. [SAM-1]

Hugað verði sérstaklega að þörfum ferðaþjónustu við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins. [SAM2]

Tryggt verði að Reykjavíkflugvöllur geti áfram þjónað hlutverki sínu á fullnægjandi hátt. [SAM2]

Stutt verði við aðgerðir sem stuðla að breyttum ferðavenjum til að draga úr þörf á uppbyggingu umferðarmannvirkja í þéttbýli. [SAM2]

Dregið verði markvisst úr hávaða- og loftmengun frá samgöngum og þeim haldið innan viðmiðunargilda í stöðlum Evrópusambandsins. [SAM3]

Haldið verði áfram að lagfæra staði þar sem mörg slys hafa orðið og bæta umhverfi vega til að draga úr hættu á alvarlegum slysum við útafakstur. Jafnframt verði lögð áhersla á framkvæmdir við aðgreiningu akstursstefna á umferðarmestu vegum. [SAM6]

Stytting ferðatíma, uppbygging vega með bundnu slitlagi og gerð jarðganga til að leysa af hólmi erfiða fjallvegi skapa betri skilyrði fyrir jákvæða byggðaðróun og eflingu einstakra atvinnu- og þjónustusvæða. [SAM6]

Atvinnulífi verði skapað aðgengi að greiðum og hagkvæmum vöruflutningum að markaðssvæðum. [SAM7]

Unnið verði að styttingu flutningaleiða. [SAM7]

Reykjavíkurbíllinn er aðal inn- og útflutningshöfn landsins og Keflavíkflugvöllur aðal inn- og útflutningsflugvöllurinn. Tryggðar verði eins greiðar tengingar fyrir landsbyggðina við þessar alþjóðlegu megingáttir og kostur er. Til að stuðla að hagkvæmum flutningum innan einstakra landsvæða verði jafnframt skilgreindar og skipulagðar samgöngumiðstöðvar í hverjum landshluta. [SAM7]

Samgöngur eru mikilvægasta forsenda allrar ferðaþjónustu á Íslandi og mikilvægt að við áætlanagerð og framkvæmdir í tengslum við samgöngumál verði tekið tillit til hagsmuna ferðaþjónustunnar. [FER-1]

Leitað verður allra hagkvæmra leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Markvisst verður stuðlað að samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis, en þess í stað nýtt endurnýjanleg orka og loftslagsvænt eldsneyti. [SLO-3]

Dregið verði úr aðstöðumun fyrirtækja í dreifbýli og þéttbýli hvað varðar verð og framboð á fjarskiptaþjónustu. [FJA-2]

Dregið verði markvisst úr hávaða- og loftmengun frá samgöngum og þeim haldið innan viðmiðunargilda í stöðlum Evrópusambandsins. [SAM3]

Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðasjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. [VEL-28]

Að lágmarka hættu og tjón sem samfélagið getur orðið fyrir vegna truflana í orkukerfi landsins af völdum náttúruhamfara. [ORK-22]

Að vatnsföll og miðlunarlón verði nýtt með lágmarks áhrifum á náttúru og umhverfi og að vinnslugeta þeirra sé tryggð til fyrirsjáanlegrar framtíðar. [ORK-32]

Að sjónræn og önnur umhverfisleg áhrif flutningskerfa séu takmörkuð eins og kostur er, m.a. með hagsmuni ferðaþjónustu og útivistarfólks í huga. [ORK-33]

Flutningskerfi séu felld að landslagi eins og kostur er. [ORK-34]

Uppbygging og endurnýjun ljósleiðarastofnnetsins innan lands taki mið af markmiðum stjórnvalda og þörfum notenda fyrir gagnaflutninga á hverjum tíma. [FJA-1]

Ljósleiðarahringtenging nái að lágmarki til landsvæða/byggðakjarna með yfir 5.000/1.000 íbúa. [FJA-1]

Byggðakjarnar með yfir 50 íbúa séu tengdir með ljósleiðara. [FJA-1]

Þjóðfélagslega mikilvægir fjarskiptastaðir verði skilgreindir og tengdir raforku- og ljósleiðarastofnneti. [FJA-2]

Öllum landsmönnum verði tryggð jöfn aðstaða til að tileinka sér möguleika upplýsinga-tækninnar. [FJA-2]

Skipulag raforku og hitaveitu mála verði með þeim hætti að skilvirkni, öryggi og heildar hagkvæmni verði sem best tryggð. [VEL-23]

Að landsmenn búi við fullnægjandi afhendingaröryggi raforku, sem skilgreint verði á samræmdan hátt. [ORK-23]

Helstu markmið Landsnets eru:

Stærkt flutningskerfi með hátt afhendingaröryggi raforku

Hagkvæm uppbygging flutningskerfis sem stuðlar að aukinni verðmætasköpun í samfélaginu

Virðing fyrir umhverfi með vönduðum vinnubrögðum og nýsköpun í mannvirkjagerð [KER-4]

Opin svæði, útivist og íþróttir

Að efla ferðaþjónustu, einkum á sviðum þar sem sérstaða íslenskrar náttúru, afurða og náttúruauðlinda nýtist. [BYG-2]

Að auka dreifingu ferðamanna um landið með markvissri uppbyggingu nýrra áfangastaða, svo og

viðhaldi þeirra áfangastaða sem þegar eru til staðar. [BYG-20]

Sveitar- og íþróttafélög auki aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum og fjölgi tilboðum um íþróttir, hreyfingu og útivist. [ÍÞR-19]

Aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum verði aukið og tilboðum um íþróttir, hreyfingu og útivist fjölgað. [ÍÞR-19]

að kynnast náttúrunni og fá tækifæri til að mynda tilfinningatengsl við hana [VEL-13]

Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. [VEL-18]

Réttur almennings að frjálsum aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndar sjónarmiða. [VEL-18]

Alþingi ályktar að gott aðgengi sé eitt af lykilhugtökum þegar rætt er um jafnrétti og jafna stöðu allra í samfélaginu, sama hvort átt er við mannvirki, aðgang að upplýsingum eða möguleika til tjáskipta. Heimili, skólar, vinnustaðir, tómstunda- og íþróttamiðstöðvar, verslanir, opinberar byggingar og annað húsnæði sem almenningur á aðgang að skulu vera aðgengileg öllum út frá algildri hönnun samkvæmt lögum um mannvirki. Það sama gildi um opin svæði fyrir almenning, svo sem skipulögð útivistarsvæði, almenningsgarða og mannvirki á svæðum sem ætluð eru til útivistar. [FAT-3]

Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs

Stefnumið stjórnvalda í úrgangsmálum eru eftirfarandi:

- Taka skal mið af mengunarbótareglunni: úrgangs hafi greiðir fyrir meðhöndlun úrgangs.
- Árleg skýrslugjöf sveitarfélaga/sorpsamlaga um magn og tegund úrgangs verði
- stöðluð.
- Ábyrg meðhöndlun asbests, sóttmengaðs úrgangs og mengaðs jarðvegs.
- Að spilliefni verði meðhöndluð innanlands eins og kostur er.
- Að allir þeir sem meðhöndla úrgang hafi til þess nægilega þekkingu.
- Að leitast verði við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs.

Markmið þessarar landsáætlunar er að draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu hans og minnka magn úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar. [ÚRG 8]

Dregið verði úr myndun úrgangs. Endurvinnsla og endurnýting verði aukin. [ÚRG (drög)-9]

Mikilvægt er því að meðhöndla úrgang eftir bestu fánægum leiðum sem bjóðast hverju sinni þ.m.t. að endurvinna hann sé það mögulegt. Áhrifaríkast og ódýrast er þó að draga úr myndun úrgangs. [ÚRG (drög)-5]

Áhersla er lögð á að rjúfa tengsl milli hagvaxtar og myndunar úrgangs, tryggja að flestar vörur

séu endurnýttar eða endurnotaðar og að nýta þá orku sem verður til við urðun eða brennslu úrgangs. Horfa verður til nýrra tækifæra sem skapast í kringum endurnýtingu úrgangs og að verið sé að skapa þörf sem getur leitt af sér ný tækifæri og nýsköpun fyrir íslenskt atvinnulíf. [ÚRG (drög)-7]

Sveitarfélög þurfa að hafa forgöngu um eða bjóða upp á flokkun á úrgangi til endurvinnslu, bæði fyrir íbúa og fyrirtæki og veita ráðleggingar um hvernig eigi að draga úr myndun úrgangs. Þau þurfa í samvinnu við sína íbúa að fjárfesta í innviðum sem auðvelda flokkun úrgangs til endurvinnslu. [ÚRG (drög)-7]

Stakar framkvæmdir

Öllum landsmönnum verði tryggð jöfn aðstaða til að tileinka sér möguleika upplýsingatækninnar. [FJA-2]

Orkuöryggi og sjálfbærni verði aukin með því að fjölga tegundum orkugjafa eftir því sem raunhæft er hverju sinni, og hvetja til dreifðari, smærri orkuvinnslukosta jafnhliða öðrum. [ORK-25]

Vernd náttúru og menningarminja

Á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi.

Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar. [NVÁ-1]

Uppbygging innviða ferðaþjónustunnar miði að því að vernda náttúru Íslands og ferðamálaáætlun stefni að því að innleiða hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu landsins. [FER-1]

Að kynnast náttúrunni og fá tækifæri til að mynda tilfinningatengsl við hana [VEL13]

Að gera sér grein fyrir gildum, viðhorfum og tilfinning um til náttúru og umhverfis [VEL-13]

Réttur almennings að frjálsum aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndar sjónarmiða. [VEL-18]

Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. [VEL-18]

Vöxtur verði í ferðaþjónustu á Íslandi og honum mætt með aðgerðum sem koma í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar. [VEL-18]

Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. [VEL-20]

Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykil vistkerfi Íslands. [VEL-20]

Unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt. [VEL-20]

Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis, lands eða heimsvísu. [VEL-21]

Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. [VEL-21]

Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun. [VEL-21]

Tryggt verði að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðaauðlindirnar sem þær búa yfir og búsvæði þeirra. [VEL-28]

Öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt. [VEL-28]

Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðasjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. [VEL-28]

Við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggir að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni. Einnig skal huga að náttúrulegri strandlínu og sjávarbotni svo að tryggja megi sérstöðu og margbreytileika. [MAN-21]

Að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni í kerfi verndarsvæða [LÍF-24]

Að endurheimta náttúruleg vistkerfi og tegundir [LÍF-25]

Vernd menningarminja og fornleifa

Uppbygging innviða ferðaþjónustunnar miði að því að vernda náttúru Íslands og ferðamálaáætlun stefni að því að innleiða hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu landsins. [FER-1]

Tryggja ber verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi þess. Stuðla skal að því að menningararfur manngerðs umhverfis njóti aðgæslu og virðingar sem hentar sögulegu hlutverki, tæknilegum vitnisburði og sjónrænum eiginleikum. [MAN-21]

Verklagsreglur um friðun húsa og byggðarmynsturs, viðhald, endur- og viðbyggingar skulu stuðla að lifandi notkun. [MAN-21]

Tryggja ber varðveislu hins byggða menningararfs með tilliti til upprunalegrar verktækni og mikilvægra sérkenna. [MAN-21]

Við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggir að sjónrænt

yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni. Einnig skal huga að náttúrulegri strandlínu og sjávarbotni svo að tryggja megi sérstöðu og margbreytileika. [MAN-21]

Vernd vatns og strandsvæða

Að stuðla að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri landbúnaði og sjávarútvegi. [BYG20]
Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni, ómengdu af efnum og örverum, til neyslu og annarra nytja. [VEL-17]

Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyri til undantekninga. [VEL-17]

Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi. [VEL-17]

Unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt. [VEL-20]

Styrkur manngerðra mengunarefna í sjávarfangi úr hafinu umhverfis Ísland sé ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyfirvalda. [VEL-26]

Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi hverfi með öllu, ekki síst losun þrávirkra lífrænna efna og þungmálma. [VEL-26]

Unnið verði að framgangi framkvæmdaáætlunar um varnir gegn mengun sjávar frá landi, meðal annars með því að flokka strandsvæði með tilliti til þeirra þátta sem ráða mestu um stað- bundin áhrif skólþosunar, kortleggja útstreymi þrávirkra lífrænna efna og þungmálma með frá- veitum, kortleggja mengaða staði og gera úttekt á styrk næringarefna í nágrenni stórra eldisstöðva. [HAF-37]

Varúðarsvæði og náttúruvá

Allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvá. [VEL-19]

Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvá. [VEL-19]

Skógareldar verða skilgreindir sem náttúruvá. [VEL-19]

Hafin verður vinna um samræmd viðbrögð gegn gróður og skógareldum á Íslandi. [VEL-19]

Að lágmarka hættu og tjón sem samfélagið getur orðið fyrir vegna truflana í orkukerfi landsins af völdum náttúruhamfara. [ORK-22]

Hafa skal líklega hækkun á sjávarborði sérstaklega í huga við hönnun á byggð og mannvirkjum

við ströndina. Gera skal mat á líkum á sjávarflóðum að teknu tilliti til líklegrar hækkunar á sjávarborði. [SLO-18]

Skýringar

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. [ALO]

Byggðaáætlun 2010-2013. [BYG]

Ferðamálaáætlun. [FER]

Fjarskiptaáætlun 2011-2022 [FJA]

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014. [FAT]

Hafið – Stefnumótun íslenskra stjórnvalda. [HAF]

Húsnæðisstefna, skýrsla samráðshóps um húsnæðisstefnu. [HÚS]

Iceland's National Programme of Action for the Protection of the Marine Environment from Land-based Activities. [INP]

Ísland 2020-sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. [ÍSL]

Kerfisáætlun Landsnets 2012 – 2016. [KER]

Landgræðsluáætlun 2003 – 2014. [LGR]

Landsáætlun um úrgang 2004-2016. [ÚRG]

Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni. [LÍF]

Menningarstefna í mannvirkjagerð. [MAN]

Náttúruminjaskrá. [NMS]

Náttúruverndaráætlun 2009-2013. [NVÁ]

Netríkið Ísland, stefna um upplýsingarsamfélagið 2008-2012. [NET]

Orkustefna fyrir Ísland, skýrsla starfshóps. [ORK]

Samgönguáætlun 2011-2022. [SAM]

Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum. [ÍPR]

Stefnumörkun í loftslagsmálum. [SLO]

Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013. [VEL]

Verndar- og orkunýtingaráætlun. [VOR]

Yfirlitsskrá yfir fyrirhugaðar tilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO. [TIL]

5 Tilvitnanir

- ¹ Orkustefna fyrir Ísland, skýrsla starfshóps útgefin 3. nóvember 2011.
- ² Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013. Umhverfisaráðuneyti, nóvember 2010
- ³ Samgönguáætlun 2011-2022, þingsályktun samþykkt á Alþingi 19. júní 2012.
- ⁴ Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Umhverfisaráðuneytið október 2010
- ⁵ Menningarstefna í mannvirkjagerð, menntamálaráðuneytið, apríl 2007.
- ⁶ Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum, útgefin af mennta- og menningarráðuneyti, september 2011.
- ⁷ Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014. Þingsályktun, samþykkt á Alþingi 11. júní 2012. Velferðarráðuneytið
- ⁸ Húsnæðisstefna, skýrsla samráðshóps um húsnæðisstefnu. Velferðarráðuneytið, apríl 2011
- ⁹ Netríkið Ísland, stefna um upplýsingarsamfélagið 2008-2012. Forsætisráðuneytið, maí 2008.
- ¹⁰ Byggðaáætlun 2010-2013, þingsályktun, samþykkt á Alþingi 15. apríl 2011
- ¹¹ Ísland 2020 - sókn fyrir atvinnulíf og samfélag, forsætisráðuneytið, janúar 2011.
- ¹² Landgræðsluáætlun 2003 - 2014, þingsályktun, samþykkt á Alþingi 30. apríl 2002.
- ¹³ Stefnumörkun í loftslagsmálum. Umhverfisaráðuneytið, febrúar 2007.
- ¹⁴ Fjarskiptaáætlun 2011-2022, þingsályktun skv. lögum um fjarskipti nr. 81/2003, ósamþykkt.
- ¹⁵ Orkustefna fyrir Ísland, skýrsla starfshóps útgefin 3. nóvember 2011.
- ¹⁶ Kerfisáætlun Landsnets 2012 – 2016
- ¹⁷ Landsáætlun um úrgang 2004-2016, gefin út af Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 55/2003, ásamt drögum að endurskoðaðri áætlun fyrir tímabilið 2012-2024.
- ¹⁸ Náttúruverndaráætlun 2009-2013, þingsályktun skv. lögum nr. 44/1999, samþykkt á Alþingi 2. febrúar 2010
- ¹⁹ Náttúruminjaskrá, skv. lögum nr. 44/1999.
- ²⁰ Verndar- og orkunýtingaráætlun, þingsályktun skv. lögum nr. 48/2011, ósamþykkt.
- ²¹ Yfirlitsskrá yfir fyrirhugaðar tilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO, samþykkt í ríkisstjórn 2007.

²² Ferðamálaáætlun, þingsályktun, samþykkt á Alþingi 7. júní 2011.

²³ Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisstofnun, 2008.

²⁴ Hafið – Stefnumótun íslenskra stjórnvalda. Umhverfisstofnun, sjávarútvegsráðuneyti og utanríkisráðuneyti, 2003.

²⁵ Iceland's National Programme of Action for the Protection of the Marine Environment from Land-based Activities. Umhverfisstofnun 2006. (Áætlun Íslands um vernd hafsins gegn athöfnum á landi).

²⁶ Héðinn Unnsteinsson og Pétur Berg Matthíasson (2012). Stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta. Leiðir að einföldun og samþæfingu. Stjórnmal & stjórnsýsla. Sótt júní 2012 af <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

²⁷ Héðinn Unnsteinsson og Pétur Berg Matthíasson (2012). Stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta. Leiðir að einföldun og samþæfingu. Stjórnmal & stjórnsýsla. Sótt júní 2012 af <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

²⁸ Héðinn Unnsteinsson og Pétur Berg Matthíasson (2012). Stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta. Leiðir að einföldun og samþæfingu. Stjórnmal & stjórnsýsla. Sótt júní 2012 af <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

²⁹ Héðinn Unnsteinsson og Pétur Berg Matthíasson (2012). Stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta. Leiðir að einföldun og samþæfingu. Stjórnmal & stjórnsýsla. Sótt júní 2012 af <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>